

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulaginu Suðurgata – Hamarsbraut, vegna Suðurgötu 40.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 13. október síðastliðinn að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður um 3,65 m til vesturs og þar heimilað að byggja glerskála á einni hæð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og hefur uppdráttur hlotið þá málsmeðferð sem þau lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 4. maí 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 18. maí 2022